

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2009

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2009 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 36 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi sem er rétt um 29 ma.kr. betra en á fjórðungum á undan. Rúmlega 16 ma.kr. afgangur var á vöruskiptum við útlönd og 20,8 ma.kr. afgangur var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 73 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á þriðja ársfjórðungi má eins og áður að langmestu leyti rekja til innlánsstofnana í slitameðferð, en um er að ræða reiknaða áfallna vexti sem mynda ekki raunverulegt greiðsluflæði frá landinu. Reiknuð gjöld vegna innlánsstofnana í slitameðferð námu 51 ma.kr. og tekjur 24,6 ma.kr. og eru því neikvæð áhrif á þáttatekjujöfnuð vegna þeirra um 26,5 ma.kr. Þáttatekjujöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var því neikvæður um 46,5 ma.kr. og viðskiptajöfnuður neikvæður um 9,5 ma.kr. Vaxtagjöld hluthafalána hafa einnig mikil neikvæð áhrif á þáttatekjujöfnuðinn en þau hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin tvö ár.

Erlendar eignir námu 8.930 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 14.669 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.739 ma.kr. og lækka nettó skuldir því um tæpa 90 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Í tölum um erlendar skuldir eru meðtaldar eignir og skuldir innlánsstofnana í slitameðferð.

Gerð hefur verið breyting á framsetningu eigna og skulda þeirra í yfirliti um erlendar skuldir og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Teljast þær ekki lengur með innlánsstofnunum heldur eru settar fram í nýjum lið sem nefnast “Innlánsstofnanir í slitameðferð“ sem er undirliður liðarins “Aðrir geirar”. Tímaröðin fyrir þennan nýja lið hefst á fjórða ársfjórðungi 2008. Einungis bankar og sparisjóðir sem eru starfandi sem innlánsstofnanir eru nú flokkaðir undir samnefndum lið frá sama tíma.

Erlend staða þjóðarbúsins að frádregnum eignum og skuldum innlánsstofnana í slitameðferð var neikvæð um 524 ma.kr. í lok

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

ársfjórðungsins, þar af voru eignir 2.612 ma.kr. og skuldir 3.137 ma.kr..

Rétt er að benda á að erlend verðbréfaeign innlendra aðila hefur verið endurmetin með hliðsjón af niðurstöðum úr árlegri könnun á verðbréfafjárfestingu á milli landa. Könnunin er framkvæmd af starfsmönnum Seðlabanka Íslands en er á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Niðurstöður úr henni verða birtar á vef sjóðsins í janúar nk. (Sjá <http://www.imf.org/external/np/sta/pi/global.htm>).

Einnig hafa eign erlendra aðila á skuldabréfum útgefnum á Íslandi verið endurmetin samkvæmt nýjustu upplýsingum frá innlendum verðbréfavörsluaðilum. Endurskoðunin nær aftur til fyrsta ársfjórðungs 2008. Eign erlendra aðila í áður nefndum bréfum er töluvert lægri en áður var talið.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2008 /3</u>	<u>2008 /4</u>	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>
Viðskiptajöfnuður	-123,0	-310,0	-75,3	-65,3	-36,0
Útflutningur vöru og þjónustu	175,4	191,7	150,5	183,3	221,7
Innflutningur vöru og þjónustu	-194,0	-162,0	-140,3	-156,1	-184,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-104,3	-339,7	-85,4	-92,6	-73,1
Fjármagnsjöfnuður	55,4	637,6	69,1	123,5	-75,1
Fjármagnshreyfingar án forða	170,0	640,0	23,0	123,8	-26,2
Erlendar eignir, nettó	232,8	693,3	-8,3	110,9	-78,1
Erlendar skuldir, nettó	-62,8	-53,3	31,3	12,9	50,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-114,9	-1,9	46,5	0,0	-48,5
Skekkjur og vantalið nettó	67,6	-327,6	6,2	-58,2	111,1

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2008 /3</u>	<u>2008 /4</u>	<u>2009 /1</u>	<u>2009 /2</u>	<u>2009 /3</u>
Erlendar eignir, alls	9.819	9.099	8.125	8.915	8.930
Bein fjárfesting erlendis	2.242	1.096	968	955	888
Erlend markaðsverðbréf	2.320	2.355	1.763	2.003	2.074
Aðrar fjáreignir en forði	4.882	5.141	4.936	5.491	5.479
Gjaldeyrisforði	375	431	384	386	435
Erlendar skuldir, alls	12.700	13.941	13.541	14.741	14.669
Bein fjárfesting á Íslandi	1.438	1.082	998	1.091	1.057
Innlend markaðsverðbréf	5.351	6.070	5.515	5.578	5.427
Aðrar erlendar skuldir	5.910	6.712	6.955	7.990	8.128
Hrein staða við útlönd	-2.880	-4.842	-5.416	-5.826	-5.739

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsinga-sviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.